

**Sp.**

**378. Fyrirspurn**

**[147. mál]**

til ríkisstjórnarinnar um eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af bifreiðum.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Samkvæmt hvaða lagaheimild hafa samtals tíu ráðherrar úr fjórum stjórn-  
málaflokkum fengið eftirgefin aðflutningsgjöld (tolla og söluskatt) af bif-  
reiðum síðasta áratug, sbr. upplýsingar í grein eftir Hermann Jónasson alþm.  
í dagblaðinu Tímanum hinn 26. jan. s. l.?
2. Hvernig hljóðaði bréfið, sem fjármálaráðuneytið skrifaði tollstjóranum í  
Reykjavík hinn 17. des. 1953 um tollafgreiðslu á bifreið fyrir Hermann  
Jónasson alþm. og við hvaða lagaheimild var stuðzt í sambandi við fyrir-  
mælin um þá tollafgreiðslu?